

greiðsludags, en heimild brestur til að dæma 7% vexti p.a., svo sem krafizt er. Þá verður stefndi og dæmdur til greiðslu 3/5. umkrafins orlofsfjár, kr. 876.00.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.200.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, greiði stefnanda, Sigurði Ófeigssyni, kr. 19.525.84 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. nóvember 1953 til greiðsludags, kr. 876.00 í orlofsfé og kr. 2.200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. desember 1957.

Nr. 167/1956. **Hans Petersen h/f** (Hörður Ólafsson hdl.)
 gegn
Þór E. Sandholt og gagnsök
 (Guðmundur Vignir Jósefsson hdl.)

Dómendur:

hæstaréttardómaramarnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1956 og gert þær dómkröfur aðallega, að honum verði dæmd sýkna og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að fjárhæð héraðsdóms verði færð niður og hvorum aðilja verði dæmt að bera sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1956 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda

verði dæmt að greiða honum kr. 105.078.00 með 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1953 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt gögnum máls þessa verður að miða við það, að lampi sá, sem í málinu greinir, hafi verið keyptur í verzlun aðaláfrýjanda, og með tilvísun til raka héraðsdóms verður að telja sannað, að lampinn hafi verið haldinn þeim galla, sem leiddi til slyss gagnáfrýjanda, þá er aðaláfrýjandi seldi hann.

Samkvæmt þessu verður að staðfesta ákvæði héraðsdóms um skaðabótaskyldu aðaláfrýjanda. Með vottorði, dags. 5. nóvember 1957, hefur Bergþór Smári læknir lýst því, að eigi sé efni til að breyta mati á örorku aðaláfrýjanda, og sé hún því 6%.

Rétt þykir að ákveða fébætur handa aðaláfrýjanda þannig:

- | | |
|--------------------------------------|---------------|
| 1. Bætur fyrir orkumissi | kr. 40.000.00 |
| 2. — — þjáningar, lýti og óþægindi — | 15.000.00 |

Samtals kr. 55.000.00

Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þessa fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Hans Petersen h/f, greiði gagnáfrýjanda, Þór E. Sandholt, kr. 55.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagði aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. sept. 1956.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. þ. m., hefur Þór E. Sandholt skólastjóri, Reynimel 31 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 24. júní 1955, gegn Hans Petersen h/f hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 105.078.00 með 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1953 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins, en til vara lækkunar á kröfu stefnanda.

Málsatvik eru þessi:

Á öndverðu ári 1953 varð að samkomulagi með stefnanda og formanni félags eins hér í bænum, að stefnandi flytti erindi á fundi í félagi þessu um skipulag Reykjavíkur. Af þessu tilfni lét stefnandi taka myndir og búa til skuggamyndir af nokkrum skipulagsuppráttum og líkönum. Til þessa verks fékk hann Ágúst Böðvarsson verkfræðing, og fór myndatakan fram í teiknistofu skipulagsdeildar Reykjavíkur kl. 18.00 til 19.00 hinn 27. febrúar s. á. Til þess að lýsa upp uppdrætti þá, sem ljósmyndaðir voru, notaði Ágúst tvo lampa, sem voru með skermum úr málmi og þannig úr garði gerðir, að perustæðið og skermurinn voru fest við klemmur, til þess ætlaðar að grípa um borðrönd, stólbak eða aðra hluti til festingar. Lampar þessir voru tengdir við rafkerfi hússins með rafsnúru frá rafstungu á einum vegg herbergisins, en sú snúra var aftur tengd í tvær rafsnúru, er lágu hvor í sinn lampa. Var notkun lampanna hagað svo, að ýmist var þeim fest á hentuga staði í herberginu eða stefnandi og maður, að nafni Kristján Haukur Pétursson, héldu hvor á sínum lampa og beindu ljósinu á teikningarnar eftir fyrir-mælum Ágústs. Er verkinu var lokið, var annar lampinn festur á glerkassa, sem í herberginu var, en hinn var skilinn eftir á borði annars staðar í herberginu. Fór Ágúst þegar að taka saman tæki sín, en stefnandi, sem hugðist hjálpa Ágústi við það verk, tók lampann, sem á borðinu lá, og slökkkti á honum með því að þrýsta á hnapp, sem á honum var. Að því búnu tók hann hinn lampann og hugðist slökkva á honum á sama hátt, en um leið og hann snerti lampann, varð hann fyrir svo sterkum rafstraumi, að hann féll á gólfið með lampana í fanginu og gat ekki losað sig við þá. Er slysið varð, rak stefnandi upp óp, en Ágúst, sem sneri baki að honum, og var að sýsla með tæki sín, leit við á sama andartaki og sá, hvar stefnandi hneig niður með lampana í fanginu. Um leið kippti Ágúst í snúruna, sem lá við fætur hans, og rauf með því rafstrauminn.

Ágúst Böðvarsson hefur skýrt svo frá, að lampa þessa og tvo að auki hafi hann keypt í verzlun stefnda. Mun það hafa verið 17. janúar s. á. Hafi hann verið búinn að nota þá um nokkurt skeið, er hér var komið. Notaði hann alla fjóra lampana í einu og minnst þess, að eitt sinn áður en atburðir þeir gerðust, sem hér um ræðir, hafi rafmagnsöryggi í vinnustofu hans sprungið, er hann kveikti á lömpunum. Hafi hann þá skoðað einn lamp-

ann og komið að raun um, að annar hinna óeinangruðu enda snúrunnar, sem tengd var við lampann, hafi staðið útundan tengiskrúfu perustæðisins og snert málmhólk þann, sem umlykur perustæðið. Við þetta hafi rafstraum „leitt út“ í málmhólkinn. Hafi hann sjálfur gert við galla þenna með því að stytta fyrrnefndan snúruenda og hagræða honum betur undir tengiskrúfunu. Fleiri lampa hafi hann ekki skoðað, en að viðgerð þessari aflokinni, hafi hann kveikt á lömpunum af nýju og notað þá áfram, án þess að verða var nokkurrar „útleiðslu“. Breytingar eða frekari lagfæringar á lömpunum en þær, sem nú var lýst, hafi ekki verið framkvæmdar. Ekki kveðst Ágúst muna, hvort lampi sá, er hann lagfærði, hafi verið annar þeirra tveggja, sem hann notaði, er hann vann fyrir stefnanda, en telur, að svo hafi ekki verið, þar sem þurft hafi að lagfæra þá báða eftir slysið. Kveðst hann hafa verið viðstaddur, er gert var við þá, og hafi verið um sama galla á þeim báðum að ræða, sem fyrr var lýst.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hvorki hafi orðið vart „útleiðslu“ í lömpunum, meðan á ljósmyndun uppdráttanna stóð, né heldur hafi Ágúst minnst á, að lamparnir væru varhugaverðir.

Kristján Haukur Pétursson var farinn burtu, er slysið varð, en hann kveðst ekki hafa orðið annars var en lamparnir væru í fyllsta lagi.

Skömmu eftir slysið fór Ágúst Böðvarsson til Rafmagnseftirlits ríkisins með margnefnda tvo lampa og fór þess á leit, að þeir væru athugaðir, Var það gert. Og í bréfi frá Rafmagnseftirlitinu til Dómsmálaráðuneytisins varðandi rannsókn slyssins, dags. 29. maí 1954, er niðurstaða þeirrar athugunar birt. Segir þar á þessa leið:

„... tengingu aðtauga við báða lampana var ábóta vant þannig, að málmurinn í annarri aðtauginni á hvorum lampa snerti málmumgerð lampans, og mun þetta hafa orðið þess valdandi, að maður, sem hélt á lömpunum, sínum í hvorri hendi, fékk rafstraum í gegnum sig, þegar lamparnir voru tengdir við raf-lögn hússins ...“

Þá segir enn fremur í sama bréfi, að í byrjun febrúar 1954 hafi stefndi sent Rafmagnseftirlitinu til athugunar fjóra sams konar lampa og hér um ræðir. Lampar þessir hafi verið teknir til athugunar á næsta fundi raffangapröfunarnefndar, og er niðurstaða þeirrar athugunar á þá leið, að tillóða þurfi vírenda undir tengiskrúfur. Þá er og á það bent, að mjög sé óheppilegt, að lamparnir séu úr málm. Í samræmi við þetta var lagt

fyrir stefnda að láta tengja af nýju alla lampa af þessari gerð, er stefndi hefði til sölu í verzlun sinni, svo og að tilkynna Rafmagnseftirlitinu, er viðgerð væri lokið. Með bréfi, dags. 24. s. m., tilkynnti stefndi Rafmagnseftirlitinu, að lokið væri endurbótum á lömpunum, og daginn eftir voru þeir skoðaðir af Rafmagnseftirlitinu, og reyndist frágangur þeirra fullnægjandi.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, er hann hafi beðið við slys það, sem um ræðir í málinu.

Stefndi hefur mótmælt því, að tengingu lampanna hafi verið ábóta vant, er þeir voru seldir úr verzlun hans, enda sé honum ókunnugt um, að slys hafi nokkru sinni hlotizt af eðlilegri notkun slíkra lampa. Þá er því og mótmælt, að lamparnir hafi verið í sama ástandi, er slysið varð, og þeir voru í við afhendingu í verzlun hans. Er á það bent í því sambandi, að svo megi fara með öll rafmagnstæki, að þau verði hættuleg. Og með skírskotun til þess, að slíkir lampar hafi hvorki fyrr né síðar valdið slysum, líti svo út, að umræddir tveir lampar hafi sætt slíkri meðferð, að tengingar þeirra hafi farið úr lagi. Þá er að lokum á það bent, að ekki hafi verið sýnt fram á það, að rafsnúrur lampanna séu þær sömu og upphaflega hafi fylgt þeim, og er því mótmælt, að svo sé. Vel geti verið, að skipt hafi verið um snúrur, og hinar nýju hafi þá verið tengdar á óforsvaranlegan hátt.

Það er ekki véfengt í málinu, að lampar þeir, er slysinu ollu, hafi verið keyptir í verzlun stefnda.

Samkvæmt auglýsingu nr. 140 frá 1940 bar stefnda að senda Rafmagnseftirliti ríkisins sýnishorn af lömpum þessum til „prófunar og viðurkenningar“, eins og í auglýsingunni segir, áður en hann hæfi sölu á þeim í verzlun sinni. Þetta vanrækti stefndi. Sem fyrr greinir, fór Ágúst Böðvarsson, skömmu eftir að stefnandi slasaðist, til Rafmagnseftirlits ríkisins með þá tvo lampa, er slysinu ollu. Og við athugun þar kom í ljós, að tengingu þeirra var áfátt með sama hætti og annarra sams konar lampa, er stefndi hafði til sölu í verzlun sinni tæpu ári síðar og athugaðir voru þá. Er sýnt, að með þessari ófullkomnu tengingu voru lamparnir hættulegir í notkun. Að þessu athuguðu og þegar þess jafnframt er gætt, hve stutt var síðan umræddir tveir lampar höfðu verið keyptir, eða um 5 vikur, þá er það ekki sennilegt, að álitni hinna sérfróðu samdómenda, að gallar þeir á tengingu lampanna, sem að framan er lýst, verði að nokkru leyti raktir til notkunar þeirra eða meðferðar. Með skírskotun til alls þessa ber að fella óskoraða fébótaábyrgð á slys-

inu á stefnda, enda hefur eigi verið sýnt fram á, að stefnanda verði á nokkurn hátt um það kennt.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

1. Atvinnutjón vegna varanlegrar örorku kr. 75.078.00
2. Þjáningar, lýti og óþægindi — 30.000.00

Samtals kr. 105.078.00

Um 1.

Skömmu eftir slysið komu tveir læknar á vettvang. Mældu þeir blóðþrýsting stefnanda, en að því búnu, var honum ekið heim, og lagðist hann þegar í rúmið. Í vottorði annars þessara lækna, dags. 29. október 1954, segir á þessa leið um meiðsli hans:

„.... Hann (stefnandi) var mjög máttfarinn og var mjög lengi að ná sér eftir slysið. Vinstri vísifingur brenndist inn í bein á nokkuð stóru svæði. Sárið greri mjög hægt á mörgum mánuðum, án þess að holdfyllast, fingurinn er því nokkuð bækl-
aður og tilfinningarlaus öðru megin.“

Stefnandi kveðst hafa legið rúmfastur frá slysdegi til 1. marz 1953, en byrjað vinnu að nokkru 3. sama mánaðar. Allur líkaminn hafi verið mjög stirður fyrst eftir slysið, sérstaklega bolurinn, og hafi hann átt erfitt með að liggja og erfitt með að beygja sig lengi fram eftir sumri. Hreyfingar hafi ekki verið orðnar sársaukalausar, fyrr en leið á haustið. Hinn 27. marz 1954 skýrir stefnandi svo frá, að fingurinn sé sæmilega gróinn orðinn, en mjög kulvís og lítt eða ekki nothæfur. Komi sárar kvalir í hann, ef kalt er í veðri, svo og við áreynslu eða þreytu. Þá sé ör, sem á fingrinum sé, mjög aumt viðkomu, einkum ofan til. Líkamlegt ástand sitt að öðru leyti kveður hann líkt og fyrir slysið, nema hvað taugarnar séu engan veginn komnar í samt lag og áður. Hann sé mjög viðbrigðagjarn og eigi erfitt með svefn á kveldin, einkum sé hann þreyttur, svo og þoli hann minni andlega áreynslu en áður og eigi erfitt með að sitja lengi kyrr, t. d. í leikhúsi eða á fundum.

Hinn 22. apríl 1955 skoðaði Bergþór Smári stefnanda og mat örorku hans vegna slyssins. Í vottorði læknisins, dags. 25. s. m., segir svo:

„Vinstri vísifingur: Innantil og lófamegin á efstu kjúku er mikið dregið úr holdi og örvefur. Dálítil eymsli eru á þessum stað. Fingurinn réttist ekki til fulls í næstfremsta lið (í ca. 150°), en kreppest í lófa, með litlum krafti þó. Dofatilfinning er ofan til í fingrinum.

Ekki telst líklegt, að um öllu meiri bata verði að ræða, nema hvað slappleikinn ætti að lagast smám saman.“

Telur læk'nirinn, að varanleg örorka stefnanda vegna slyssins sé hæfilega metin 6%.

Örorkumati þessu vildi stefndi ekki una, og að beiðni hans var leitað álits Læknaráðs um örorku stefnanda. Var málið lagt fyrir Læknaráð á þá leið, að beiðzt var umsagnar um, hver væri varanleg örorka stefnanda, er telja mætti sennilega afleiðingu slyssins. Var málið afgreitt í Læknaráði á þá leið, að fyrrgreint örorkumat var staðfest.

Stefnandi er talinn fæddur 30. marz 1913 og hefur því verið tæplega fertugur að aldri, er hann varð fyrir umræddu slysi. Stefnandi er húsameistari að menntun og veitti á þessum tíma forstöðu skipulagsdeild Reykjavíkurbæjar, en er nú skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík.

Hinn 8. júní 1955 reiknaði K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur út áætlað atvinnutjón stefnanda vegna slyssins. Til hliðsjónar við útreikning sinn hafði tryggingafræðingurinn staðfest afrit af skattaframtölum stefnanda frá árunum 1953—'55, en samkvæmt þeim námu atvinnutekjur hans árið 1952 kr. 65.758.00, árið 1953 kr. 67.949.00 og árið 1954 kr. 89.338.00. Getur tryggingafræðingurinn þess, að framtölin beri það með sér, að atvinnutekjur stefnanda hafi bæði verið laun fyrir föst störf hjá Reykjavíkurbæ og Iðnskólanum svo og greiðslur fyrir ýmis störf, aðallega uppdrætti. Þessi framtöl liggja frammi í málinu. Gerir tryggingafræðingurinn ráð fyrir, að örorkan lækki lítið eða ekkert þau laun, er stefnandi fái fyrir föstu störf. Á hinn bóginn sé trúlegt, að hann verði að hætta aukastörfum að einhverju eða öllu leyti. Samkvæmt því hefur tryggingafræðingurinn gert áætlun um atvinnutjón stefnanda, sem reist er á þeim forsendum, að örorka hafi rýrt heildaratvinnutekjurnar um 6% og að sú rýrnun komi eingöngu fram á greiðslum fyrir aukastörf. Verðmæti þessa áætlaða atvinnutjóns reiknast tryggingafræðingnum að nemi kr. 75.078.00, miðað við slysdag. Kemur sú fjárhæð heim við kröfu stefnanda samkvæmt þessum lið stefnukröfunnar.

Grundvöllur þessa útreiknings er, auk þess, sem að framan greinir, 4% ársvextir, dánarlíkur samkvæmt reynslu fyrir íslenzka karla á árunum 1921—'30 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki föst auka-

störf, en kveðst alltaf öðru hverju taka að sér að teikna mannvirki utan hins fasta starfa síns.

Stefndi hefur mótmælt því, að um nokkra varanlega örorku getið verið að ræða hjá stefnanda af völdum slyssins. Hann sé húsameistari að menntun og starfi, afköst hans uppdrættir að húsum og ekki fram komið í málinu, að hann sé örvhendur. Meiðsli á vísifingri vinstri handar geti því engin áhrif haft á getu stefnanda til að afla sér tekna, enda komi fram á skattframtölum hans, að tekjur hans hafi hækkað að miklum mun eftir slysið. Þá sé augljóst, að óþægindi þau, er stefnandi kvarti undan, slappleiki og taugaslen, hafi ekki dregið úr getu hans til að afla sér tekna og muni ekki gera það síðar, þar eð læknir sá, er mat örorku hans, segi, að óþægindi þessi muni lagast smám saman.

Við ákvörðun bóta til stefnanda samkvæmt þessum kröfulið þykir bera að leggja til grundvallar fyrrgreint örorkumat svo og hafa hliðsjón af útreikningi tryggingafræðingsins.

Þegar það allt er virt, sem að framan greinir, ásamt öðru því, sem máli verður talið skipta, og m. a. höfð hliðsjón af því, að vextir af fé eru almennt hærri hér á landi en 4% p. a., þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00. Er þá einnig haft í huga, að allar líkur eru til þess, að örorka stefnanda fyrst eftir slysið hafi verið meiri en 6%.

Um 2.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin. Í málinu liggja frammi myndir af fingri stefnanda, og bera þær með sér, að fingurinn er allmikið lýttur. Með skírskotun til alls þessa þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 70.000.00 (kr. 60.000.00 + kr. 10.000.00) með vöxtum, sem ákveðast 6% p. a. frá þeim tíma, sem krafizt er, til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 8.000.00. Er þar innifalinn kostnaður við örorkumat og útreikning tryggingafræðings svo og kostnaður við ljósmyndun af fingri stefnanda.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt meðdómsmönnum Jóni Á. Bjarnasyni rafmagnsverkfræðingi og Óskari Hallgrímssyni rafvirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Hans Petersen h/f, greiði stefnanda, Þór E. Sandholt, kr. 70.000.00 með 6% ársvöxtum frá 27. febrúar 1953 til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. desember 1957.

Nr. 122/1957. Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson hrl.)

gegn

Agli Vilhjálmsyni h/f og gagnsök
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Veltuútsvar réttilega á lagt. Endurheimtu synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1957. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. september 1957. Krefst hann þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um greiðslu til hans úr hendi aðaláfrýjanda. Svo krefst hann og málskostnaðar af aðaláfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í máli þessu er eingöngu um það deilt, hvort veltuútsvar, sem skattayfirvöld gerðu gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda árið 1956 af bilainnflutningi hans árið 1955, hafi verið löglega á lagt.

Samkvæmt ákvörðun verðlagsyfirvalda nam álagning gagnáfrýjanda á bíla þá, er hann flutti inn árið 1955, kr. 4,5% af kostnaðarverði þeirra hingað kominna að viðbættum tollum, en án söluskatts og aukaleyfisgjalds. Auk þess